

## Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra Fundargerð

**34. fundur** Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, haldinn miðvikudaginn 8. nóvember 2023, kl. 11:00, á Zoom.

**Mætt til fundar:** Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar og Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður fagráðs menningar.

**Einnig** sátu fundinn Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Davíð Jóhannsson, starfsmenn SSNV.

**Formaður** nefndarinnar stýrði fundi.

### Dagskrá:

#### 1. Starfsreglur úthlutunarnefndar

Farið var yfir starfsreglur nefndarinnar.

#### 2. Úthlutunarreglur og matsblað f. 2024

Farið yfir matsblað og úthlutunarreglur f. 2024.

Úthlutunarnefnd þykir miður að breytingar þær sem nefndin lagði til að yrðu gerðar á orðalagi úthlutunarreglna fyrir úthlutun ársins 2024 skyldu ekki vera samþykktar af stjórn SSNV, enda voru tillögurnar lagðar fram til þess að skerpa á sameiginlegum skilningi fagráðanna og umsækjanda á túlkun á reglunum.

#### 3. Hæfi/vanhæfi fulltrúa í úthlutunarnefnd

Farið yfir gögn um hæfi og vanhæfi.

#### 4. Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra – umsóknir 2024

Alls bárust 103 umsóknir um styrki þar sem beðið var um 221 milljón króna.

Nefndin fór yfir umsóknirnar og athugaði hvort öllum formskilyrðum væri fullnægt.

Niðurstaðan var sem hér segir:

Umsókn nr. 24048. Umsókn vísað frá þar sem staðfestingar skráðra samstarfsaðila bárust ekki, sbr. greinar 10 og 11 í úthlutunarreglum sjóðsins.

Umsókn nr. 24001, 24016 og 24022. Umsóknum vísað frá þar sem umsækjandi er ekki með lögheimili á Norðurlandi vestra og ekki með samstarfsaðila á svæðinu sbr. grein 7 í úthlutunarreglum sjóðsins.

Að því loknu var öðrum umsóknum vísað til umfjöllunar í viðkomandi fagráði.

Nefndin beinir því til fagráðs menningar að miða við 15 millj. kr. í stofn- og rekstrarstyrki.

#### 5. Verkferlar við mat á umsóknum

Farið yfir verkferla fagráða við mat á umsóknum.

#### 6. Dagsetningar næstu funda

Samþykkt að næsti fundur úthlutunarnefndar verði mánudaginn 4. desember 2023, kl. 10:00, á Skagaströnd.

#### 7. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:30.

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, fundarritari